

REGLUR

um stöðureiti og gjalddöku við Skógafoss, Rangárþingi eystra.

1. gr.

Reglur þessar gilda um notkun og gjalddöku fyrir stöðureiti við Skógafoss í Rangárþingi eystra og eru settar með stöð í 2. og 3. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Reglurnar hafa fengið samþykki lögreglustjórans á Suðurlandi skv. 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga.

2. gr.

Öllum er skylt að greiða fyrir afnot af stöðureitum við Skógafoss á gjaldskyldutíma. Gjaldskyldutími er allan sólarhringinn allt árið um kring.

3. gr.

Gjaldskrá fyrir bifreiðastöður við Skógafoss er sem hér segir:

1-5 sæta bifreið	kr. 1.000
6-9 sæta bifreið	kr. 1.300
10-20 sæta bifreið	kr. 2.500
21-32 sæta bifreið	kr. 4.700
33+ sæta bifreið	kr. 8.500
Bífhjól	kr. 400

Greiðsla samkvæmt framangreindri gjaldskrá veitir heimild til notkunar á stöðureit við Skógafoss í allt að fimm klukkustundir í senn.

Óheimilt er að nota gjaldskyldan stöðureit án heimildar samkvæmt framangreindu.

Sé gjaldskyldur stöðureitur notaður án heimildar á gjaldskyldutíma, skal leggja á aukastöðugjald fyrir notkunina í samræmi við f-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

4. gr.

Sveitarstjórn annast innheimtu stöðugjalda og skal þeim varið til að standa straum af byggingar-kostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita, þ.m.t. launum varða og kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisaðstöðu og gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

5. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 27. febrúar 2025.

Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. mars 2025